

Nd.

529. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur haft frumvarp til sveitarstjórnarlaga til umfjöllunar um hrið. Mikill fjöldi umsagna og athugasemda við frumvarpið hefur borist og hefur nokkurt tillit verið tekið til þeirra. Ýmsar ábendingar hafa einnig komið fram á fundum nefndarinnar með fulltrúum hagsmunaaðila. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni hafa boðað allmargar breytingartillögur við frumvarpið. eru þær helstar að fella með öllu niður IX. kafla frv. um héraðsnefndir. Virðist þá liggja ljós fyrir sú niðurstaða að engar umtalsverðar breytingar verði á uppbyggingu stjórnsýslunnar aðrar en þær að sýslunefndir skipta um nafn. Þau markmið verkefna- og valldreifingar, sem ýmsir höfðu vonað að næðu fram að ganga í tengslum við ný sveitarstjórnarlög, eru að engu orðin.

Að svo miklu leyti sem tekið er á þeim hluta stjórnsýslunnar er liggur milli ríkisvalds og einstakra sveitarfélaga er sá höfuðókostur áfram við lýði að lýðræðislegt umboð byggðasam- laga, héraðsnefnda eða landshlutasamtaka frá íbúum viðkomandi svæða er ekki á neinn hátt tryggt. Ákvæði um byggðasamlög eru óljós og fjöldi þeirra og stærð gætu orðið mjög breytileg frá einu svæði til annars og hlýtur það að valda erfiðleikum.

Sem vænta mátti er þó ýmislegt til bóta í frumvarpinu frá gildandi lögum um sveitarstjórnir. Brýnt er orðið að koma í lög ákvæðum um 18 ára kosningaaldur og kjörgengi í samræmi við löngu markaða stefnu þar um — og er reyndar ekki vansalaust hversu seint þær breytingar eru á ferðinni með hliðsjón af komandi sveitarstjórnarkosningum.

Engu síður er það skoðun undirritaðs að það sé ýmsum vandkvæðum bundið að afgreiða frumvarpið nú og má í því sambandi nefna:

1. Ekkert bólar á niðurstöðum úr því starfi sem staðið hefur yfir við endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga. Og þar sem tekjumöguleikar sveitarfélaga skipta mestu um alla möguleika þeirra til að ráða við verkefni sín er þetta mjög bagalegt. Einnig þyrfti að marka stefnu um samskipti ríkis og sveitarfélaga, og þar með talda verkefnaskiptingu, til að heildarmynd fengist af samskiptum ríkis og sveitarfélaga og verkefnum sem ný sveitarstjórnarlög gætu tekið mið af.
2. Þar sem stjórnarflokkarnir hafa nú ákveðið að fella með öllu niður IX. kafla frumvarpsins um lögbundið samstarf sveitarfélaga, án þess að nokkuð komi í staðinn, er ljóst að gefist er með öllu upp við að skipa með lögbundnum hætti meðferð þeirra verkefna sem liggja milli ríkis og sveitarfélaga eða færa mætti frá ríkisvaldinu til svæða eða landshluta — og í flestum tilfellum eru ofvaxin einstökum sveitarfélögum. Það er skoðun 2. minni hl. að leggja hefði átt meiri vinnu í að fara yfir tillögur endurskoðunar- nefndarinnar og leita samstöðu meðal stjórnmalaflokka um mögulega útfærslu á milli- stjórnsýslustigi, bundnu svæðum eða landshlutum. En ljóst er að samþykkt þessa frv. breytir engu í þá átt að færa verkefni og vald frá höfuðstöðvum miðstjórnarvaldsins út um landið.
3. Þegar IX. kafla frumvarpsins hefur verið kippt burt er auðséð að það heildarskipulag, sem endurskoðunarnefndin og væntanlega einnig höfundar þessa frumvarps höfðu í huga, er hrunið. Ákvæðin um byggðasamlög eru að ýmsu leyti gölluð og of takmörkuð og yfirtaka sveitarfélaga eða héraðsnefnda á verkefnum sýslunefnda er lítt útfærð — á sama tíma og fella á niður öll ákvæði gildandi laga um sýslufélög.

Annar minni hl. er andvígur nokkrum þeirra breytingartillagna sem fulltrúar meiri hl. hafa boðað, sérstaklega þeim sem veikja í einhverju tilliti stöðu minnihlutahópa til að hafa aðgang að stjórnsýslu sveitarfélaganna og hafa áhrif í samræmi við styrk sinn.

Undirritaður flytur nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Þær helstu eru að marka með greinilegum hætti vilja löggjafans í þá átt að sveitarfélögin stækki og eflist á næstu árum. Talið er eðlilegt að gefa nokkurn aðlögunartíma en að honum liðnum skuli öll sveitarfélög í landinu orðin með 100 íbúa eða fleiri. Einnig er talið rétt undir vissum kringumstæðum að ríkisvaldið geti komið til aðstoðar og hjálpað til við sameiningu sveitarfélaga með fjárframlögum.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á fjölda aðalmanna í sveitarstjórnnum miðað við íbúatölu. Óeðlilegt er að fjöldi fulltrúa í kaupstað með yfir 50 000 íbúa geti sveiflast á bilinu allt frá 15 til 27, eða um 12 fulltrúa eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þá eru einnig sett inn ákvæði sem eiga að stuðla að lýðræðislegri aðild minnihlutahópa að stjórn byggðasamlaga, héraðsnefnda og landshlutasamtaka.

Niðurstæða 2. minni hl. er sú, að fengnum nauðsynlegum lagfæringum á frumvarpi þessu sem fluttar eru sérstakar breytingartillögur um, að það sé til bóta frá gildandi lögum svo langt sem það nær. Ljóst er engu síður að lög um sveitarstjórnarmál hljóta að koma til endurskoðunar innan tíðar samfara breyttri verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélga og endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga.

Annar minni hl. leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. febr. 1986.

Steingrímur J. Sigfússon,
fundaskr.